

10. fundur stjórnar 12.01.2016 kl.20:00 Kögurseli

Mætt eru Díana, Biggi, Hlynur og Gréta

Jólapakka salan rædd og þótti takast þokkalega. Gréta tók að sér að gera upp við Bendi en salan skilaði smá hagnaði fyrir deildina sem er að sjálfsögðu mjög jákvætt.

Áætlað er að halda aðalfund deildarinnar miðvikudaginn 10.febrúar í Sólheimakoti. Til vara ef ófært verður í kotið á skrifstofu HRFI.

Stjórn tók ákvörðun um að frá og með þessu ári verður það á ábyrgð Vorsteh eigenda að koma upplýsingum varðandi stigagjöf sinna hunda til stjórnar deildarinnar. Stjórn uppfærir stigatöflu á heimasíðu deildarinnar um leið og upplýsingar berast um árangra viðkomandi hunda. Verður það kynnt nánar á ársfundi deildarinnar.

Nýja stigataflan rædd og hún komin á heimasíðu deildarinnar. Stigahæstu hundar í UF og OF árið 2015 ræddir.

Rætt var um dómara og kynningar á þeim fyrir vorpróf deildarinnar. Enn er beðið eftir myndum af öðrum dómaranum svo hægt sé að setja kynningu á þeim á heimasíðu deildarinnar.

Sýning HRFI sem haldin verður í lok febrúar rædd en það er sýning sem Vorsteh deild á meðal annars að sjá um ásamt Retrieverdeild.

Fundi slitið kl. 21:15